

**REGLUGERÐ**  
**um breytingu á reglugerð um sveinspróf nr. 698/2009.**

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður er orðast svo: Þrátt fyrir ákvæði 1. málslíðar 1. mgr. 3. gr. er próftaka heimil nemanda sem á innan við 10% ólokið af vinnustaðanámi, samkvæmt nánari útfærslu ráðuneytisins.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 30. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla og öðlast þegar gildi.

*Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 27. mars 2018.*

**Lilja Dögg Alfreðsdóttir.**

---

*Ásta Magnúsdóttir.*